



Ársskýrsla lögreglustjórans á Suðurnesjum 2012





Ársskýrsla
lögreglustjórans
á Suðurnesjum
2012

EFNI

1	Frá lögreglustjóra	4
2	Skipurit	6
3	Embættið	7
3.1	Markmið ársins 2012	8
3.2	Mannauður og menning	9
3.3	Félagastuðningur 2012	10
3.4	Framkvæmdaáætlun vegna jafnréttismála	10
3.5	Starfsemi Lögreglufélags Suðurnesja	10
4	Almannavarnir	12
4.1	Áætlanir og áhættuskoðun	12
4.2	Flugslysaæfing á Keflavíkurflugvelli 5. maí 2012	13
4.3	Aftakaveður	14
4.4	Sprengjuhótun um borð í flugvél	15
5	Almenn deild	16
5.1	Umferðarmál	17
5.2	Hverfalöggæsla og forvarnir	18
5.3	Bæjarhátíðir á Suðurnesjum	20
5.4	Handtökur og vistanir	20
6	Rannsóknardeild	21
6.1	Auðgunarbrot	22
6.2	Ofbeldisbrot	22

6.3	Kynferðisbrot	23
6.4	Skjalafals og misnotkun skjala	23
6.5	Líkfundur	24
6.6	Brunarannsóknir	24
6.7	Aðrar rannsóknir	24
7	Fíkniefnadeild	26
7.1	Markmið og áherslur	26
7.2	Margvíslegar smyglaðferðir	27
7.3	Fíkniefnahundur	29
8	Flugstöðvardeild	30
8.1	Framvísun ólöglegra skilríkja	31
8.2	Vegabréfarannsóknarstofa	33
8.3	Frontex	34
8.4	Landamærasjóður	34
9	Saksókn mála og sektargerðir	36
9.1	Ákærur, málshraði og meðferð sakamála	36
9.2	Sektargerðir og sektarboð	37
10	Fjöldi brota og leyfisveitinga	38
10.1	Yfirlit yfir fjölda brota 2010-2012	38
10.2	Leyfisveitingar á árinu 2012	39
11	Sérstök verkefni	40
11.1	Tölfræðiteningar ríkislögreglustjóra	40
11.2	Fræðsludagur um mansal	40
12	Rekstur	42



1 Frá lögreglustjóra

Lögreglan á Suðurnesjum hafði í mörg horn að líta á árinu 2012. Þar komu ekki einungis til hefðbundin lögreglustörf, heldur einnig viðamikil forvarnarstarf í umdæminu, svo frumkvæðisvinna lögreglumanna og endurmenntun. Þá sóttu fjölmargir þeirra námskeið, bæði hér heima og erlendis. Sú þekking sem þar var aflað styrkir embættið í þeim krefjandi verkefnum sem það vinnur að.

Árið var óvenju annasamt hvað varðaði landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli og vörðuðu mál sem þar komu upp allar deildir embættisins eftir því hvers eðlis þau voru. Metfjöldi farþega fór um völlinn, vel á þriðju milljón farþega, og er enn frekari aukningu í farþegafjölda spáð á árinu 2013. Þá hafa aldrei fyrr í sögunni eins margir reynt að komast inn í landið á fölsuðum skilríkjum og 2012. Jók þetta verulega á annríki allra deilda embættisins. Gerð er ítarleg grein fyrir þessari þróun í ársskýrslunni.

Á fyrri hluta ársins fór fram umfangsmikil flugslysaæfing á Keflavíkurflugvelli, þar sem nýleg flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar var æfð. Allir viðbragðsaðilar á Suðurnesjum voru kallaðir út og samhæfingarstöð almannavarna var mönnuð, ásamt aðgerðastjórn, á Keflavíkurflugvelli. Alls tóku um 360 manns þátt í æfingunni, sem tókst vel.

Á árinu var tekin sú ákvörðun að fara í átak gegn sölu fíkniefna í umdæminu og taka um leið á þeim alvarlegu afleiðingum sem neysla þeirra hefur. Átakið skilaði miklum árangri, bæði hvað varðaði að taka sölumenn úr umferð og eins þá sem óku undir áhrifum fíkniefna. Verður baráttunni gegn þeim vágesti, sem fíkniefnin eru, haldið áfram af fullum þunga í umdæminu, eftir því sem fjármunir embættisins leyfa.

Embætti lögreglustjóra lagði sem fyrr áherslu á öflugna og sýnilega löggæslu á sviði umferðarmála. Gleðilegt er að geta greint frá því að ekkert banaslys varð í umferðinni í umdæminu á árinu. Þá fækkaði slysum, þar sem meiðsl urðu á fólki, verulega og einnig varð mikil fækkun á umferðarlagabrotum. Ölvunarakstursbrot voru einnig umtalsvert færri heldur en á árinu 2011.

Mikil áhersla var, eins og á fyrri árum, lögð á forvarnarstarf, sem bæði snéri að börnum, ungmennum og foreldrum. Varðaði starfið meðal annars umferðarfræðslu, fíkniefnafræðslu, ábyrga netnotkun og mikilvægi þess að hafa óflekkað mannorð.

Þá var kappkostað að hafa mikil og góð samskipti við sveitarfélög, stofnanir og, ekki síst, íbúa í umdæminu. Í því augnamiði stofnaði lögreglan síðu á samskiptavefnum Facebook. Hefur síðan hlotið mjög góðar undirtektir og notendum hennar farið sífjölgandi. Þessi samskiptaaðferð hefur reynst mikilvægur þáttur í að koma á framfæri upplýsingum frá lögreglu og taka á móti ábendingum um ýmislegt sem notendum liggur á hjarta.


Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum hefur á að skipa nær hundrað manna hópi, lögreglumönnum og öðrum starfsmönnum. Þar er saman kominn mikill mannauður; reynsla, þekking, færni og jákvæðni í starfi. Þessir þættir svo og þróttmikið og framsækið lögreglulið er undirstaða þess markmiðs sem embættið hefur sett sér, að veita framúrskarandi þjónustu. Gildin sem lögð eru til grundvallar eru: **fagmennska, heiðarleiki og traust**. Þau hafa verið, og verða áfram, í hávegum höfð.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir helstu verkefnum lögreglu á árinu 2012. Einnig er þar að finna tölulegar upplýsingar um þá þætti er vörðuðu starf löggæslunnar í umdæminu, svo og samanburðartölur frá fyrri árum.

*Sigríður Björk Guðjónsdóttir,
lögreglustjóri á Suðurnesjum*

2 Skipurit

Núgildandi skipurit embættisins var staðfest af þáverandi dómsmálaráðherra á árinu 2009. Skipuritið speglar vel skipan embættisins en hverfastöð í Ásbrú hefur bæst við og fellur undir almenna deild eins og aðrar hverfastöðvar.



Tafla 1. Skipurit lögreglustjóraembættisins

3 Embættið

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum (LSS) hefur þrjár meginstöð-ir, sem eru almenn deild, flugstöðvardeild og rannsóknardeild. Þar við bætast skrifstofa, þjónustuver og lögfræðisvið. Starfsmenn embættisins voru 96 talsins á árinu. Ársverk lögreglumanna voru 84 og fjöldi lögreglukvenna var níu þ.e. tæp 11%. Almenna deildin er fjölmennust og er vistun fanga í höndum hennar. Á árinu voru um 480 innsetningar í fangaklefa. Þá fara rannsóknar minniháttar mála fram í almennri deild embættisins og hefur skapast aukin þekking lögreglumanna á rannsóknarpættinum og hraðari málsmeðferð fyrir vikið.

Flugstöðvardeild er næst að stærð og er umfang verkefna þar mjög vaxandi vegna aukinnar flugumferðar til og frá landinu. Alls fór 96,6% flugumferðarum Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Starfsemi flugstöðvardeildar er því umfangsmikil og sérhæfð en hefur jafnframt áhrif um allt embættið. Þannig eru þeir sem eru stöðvaðir á landamærum vistaðir hjá almennri deild og grunur um skjalafals eða aðra ólögmæta háttsemi er rannsakaður af starfsmönnum rannsóknardeildar embættisins. Allar deildir taka þátt í fangaflutningum, en sá þáttur er fjár- og mannfrekur. Flugstöðvardeild er rekin á sólarhringsvöktum á sumarmánuðum en á vetrartíma er viðvera frá 05.30 til 01.00.

Rannsóknardeild skiptist annars vegar í rannsóknardeild alvarlegri brota og hins vegar í fíkniefnateymi. Rannsóknardeild alvarlegri brota rannsakar kynferðisbrot, skjalabrot, fjármunabrot, ofbeldisbrot og

Árið 2012

Heildarfjöldi starfsmanna	96
Þar af konur	17
Þar af lögreglumenn	84
Fjöldi lögreglukvenna	9
Hlutfall kvenna af heildarfj. starfsm.	17,7%
Hlutfall kvenna af lögreglu	10,7%

bruna, svo eitthvað sé nefnt. Bakvöktum er haldið úti alla daga allt árið um kring. Fíkniefnateymið rannsakar fyrst og fremst fíkniefnamál sem koma upp í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og er þar að mestu um langtímarannsóknir að ræða. Bakgrunnsskoðanir eru framkvæmdar vegna þeirra er starfa á haftasvæðinu á alþjóðaflugvöllinum og fellur sú starfsemi undir fíkniefnateymi. Á lögfræðisviði er mikil starfsemi og þar starfa að jafnaði þrír lögfræðingar og einn ritari.

Embættið velti tæpum milljarði á árinu og er nú rekið innan rekstrarheimilda enda þótt gamall halli frá fyrri árum hvíli enn á rekstrinum. Því eru fjármál og bókhald mikilvægt verkefni skrifstofu- og fjármálasviðs. Undir sviðið fellur m.a. þjónustuver embættisins, sem er með starfsemi að Brekkustíg og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Undir þjónustuverið falla margvísleg verkefni, svo sem símavarsla, móttaka, umsýsla og þjónusta tengd tapað-fundið, þ.e. þegar munir tapast á flugvelli eða í flugvélum. Einnig sér þjónustuverið um leyfisveitingar af ýmsu tagi og skjalavörslu.



Lögreglumaður við skyldustörf.

3.1 Markmið ársins 2012

Gerð ársáætlunar fyrir árið 2012 var unnin með þeim hætti að allir stjórnendur embættisins og hverfalöggæslumenn voru boðaðir á vinnufund. Jafnframt tilnefndi hver vakt og deild sinn fulltrúa, auk þess sem öllum áhugasömum starfsmönnum var boðið að mæta. Áætlunin var bæði metnaðarfull og óvenju viðamikil þetta árið. Hér að neðan verða tilgreind helstu markmið ársins og fjallað stuttlega um nokkur þessara markmiða.

- **Fjármálaleg markmið**

Að veita góða þjónustu og halda úti öflugri löggæslu innan fjárheimilda ársins. Þetta markmið náðist en embættið var rekið með rúmlega 600 þúsund króna afgangi þrátt fyrir aukið umfang og óvænt útgjöld.

- **Vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi**

Að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi, m.a. mansali og skipulögðu vændi, MC gengjum og alþjóðlegri glæpastarfsemi þeim tengdri. Einnig innflutningi, framleiðslu og sölu fíkniefna. Á árinu tók embættið þátt í sérstöku rannsóknarteymi – RASK, sem rannsakaði meðal annars skipulagða glæpastarfsemi vélhólagengja, mansal og vændi.

- **Aukið öryggi íbúa og vinna gegn sölu og neyslu fíkniefna**

Sérstöku eftirliti var haldið úti til að berjast gegn fíkniefnum, síbrotamönnum í umferð, þjófagengjum ofl.

- **Rannsóknir og fækkun afbrota**

Að stemma stigu við heimilisofbeldi og huga betur að þolendum, tryggja fagmennsku og hraða og góða afgreiðslu á kynferðisbrotamálum og ofbeldisbrotum. Unnið var að nýju verklagi og var mikil vinna lögð í greiningu og leit að leiðum til að styrkja rannsóknir á heimilisofbeldi.

3.2 Mannauður og menning

Mannauðurinn er mikilvægasta auðlind hvernar stofnunar og því mikilvægt að hlúa vel að honum og stuðla að starfsánægju starfsmanna. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum býr að miklum og góðum mannaúdi. Hjá embættinu starfa hátt í 100 manns með fjölbreytta þekkingu, reynslu og færni til að vinna og leysa þau verkefni sem embættinu er ætlað að sinna. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að auka þá þekkingu og færni starfsmanna með það að markmiði að sú þjónusta sem embættið veitir sé framúrskarandi.

Samkvæmt nýlegri rannsókn eru helstu styrkleikar vinnustaðamenningar LSS þeir að starfsmenn telja stefnu embættisins vera skýra og virðast meðvitaðir um hvað þurfi til að markmiðum þess verði náð. Helsti veikleikinn reyndist vera að samræma þurfi vinnubrögð á milli deilda, skilgreina betur verkferla og samræma viðhorf starfsmanna á milli deilda.

Í dag á formaður eða fulltrúi Lögreglufélags Suðurnesja sæti í yfirstjórn embættisins og tekur hann þátt í vikulegum yfirstjórnarfundum. Hefur sú skipan verið mjög gott innlegg í stjórnun embættisins.

Á árinu sótti fjöldi starfsmanna námskeið bæði innanlands og erlendis sem án efa mun skila sér inn í þau störf sem embættið vinnur að. Má nefna sem dæmi að lögreglumaður sótti nám í evrópska lögregluskólann CEPOL í Top Senior Police Officers Course (TOPSPOC) sem er fjögurra vikna námskeið kennt á níu mánaða tímabili. Einnig sótti nokkur fjöldi lögreglumanna fyrirlestra og kynningar á svokölluðu CEPOL WEBINAR. Sex lögreglumenn sóttu rannsóknarlögreglumanns námskeið (RLM) í lögregluskóla ríkisins, nokkrir sóttu námskeið í notkun á veltitöflum (pivot table) í tengslum við upplýsingaöflun úr tölfræðiteningum ríkislögreglustjóra og allir millistjórnendur sóttu námskeið í stjórnun verkefna og mannauðsmála. Einn starfsmaður úr flugstöðvardeild tók þátt í svokölluð Mid-Level-Course námskeiði á vegum Frontex. Um fimm vikna námskeið var að ræða fyrir millistjórnendur sem starfa við landamæraeftirlit. Námskeiðið stóð frá 8. október til 9. nóvember.

3.3 Félagastuðningur 2012

Fyrir fjórum árum var svokallaður félagastuðningur innleiddur í lögreglu. Um er að ræða kerfisbundinn og formlegan stuðning við lögreglumenn sem hafa lent í erfiðum útköllum eða álag hefur safnast upp hjá. Félagastuðningur er bráðþjónusta þar sem lögreglumenn styðja hver annan en þeir sem sinna þeirri þjónustu eru einnig lögreglumenn. Hafa þeir hlotið sérstaka þjálfun til að takast á við verkefnið.

Á árinu 2012 komu upp fjögur atvik þar sem aðferðafræði félagastuðnings var beitt. Öll atvikin voru mjög krefjandi og reyndu mjög á lögreglumennina. Að auki hafa stuðningsfélagar notað þjálfun sína til að huga að lögreglumönnum eftir erfið útköll eða uppsafnaða streitu þó svo að formlegir úrvinnslufundir hafi ekki verið haldnir.

3.4 Framkvæmdaáætlun vegna jafnréttismála

Á árinu var gengið frá nýrri framkvæmdaáætlun vegna jafnréttismála hjá embættinu, sem jafnréttisfulltrúi embættisins vann í samvinnu við yfirstjórn. Áætlunin var send út til allra starfsmanna og óskað eftir athugasemdum, áður en hún var staðfest. Í áætluninni er að finna það nýmæli að reynt verður eftir fremsta megni að mæta konum þar sem þær eru staddar vegna meðgöngu, barneigna og brýnna fjölskylduaðstæðna með sérstökum samningi. Tekur slíkur samningur t.d. til sveigjanlegs vinnutíma eða breytinga á starfsvettvangi. Stefnt

verður að því með öllum tiltækum leiðum að gera Lögreglustjórann á Suðurnesjum að fjölskylduvænum vinnustað.

3.5 Starfsemi Lögreglufélags Suðurnesja

Hér verður stiklað á stóru um verkefni stjórnar Lögreglufélags Suðurnesja (LS) á árinu 2012 og byrjun árs 2013. Þing Landssambands lögreglumanna var haldið í Stykkishólmi þann 24.-26. apríl 2012. Þar voru níu félagsmenn LS fulltrúar þessa starfssvæðis. Á aðalfundi sem haldinn var þann 29. mars 2012, stuttu fyrir þingið, var rætt um þær tillögur og mál sem stjórn og félagsmenn vildu að tekin yrðu til umræðu á þingi LL. Sumarhátíð félagsins var haldin þann 16. maí s.l. og hófst hún á keppni í boccia sem haldin var í íþróttahúsinu Ásbrú. Eftir boccia var farið í sal KK að Vesturbraut þar sem boðið var upp á léttar veitingar. Gerð var tilraun með að bjóða aðeins upp á heimatilbúin skemmtiatriði umrætt kvöld og notuðu margir það tækifæri og létu ljós sitt skína. Jólafagnaður félagsins var síðar haldinn þann 8. desember s.l. í sal Golfklúbbs Suðurnesja í Leirunni. Þátttaka var mjög góð og var salurinn í Leirunni á mörkum þess að ráða við allan þennan fjölda. Gísli Einarsson, sjónvarpsmaður, annaðist veislustjórn af mikilli þrýði. Eftir borðhald og skemmtiatriði kom dúett sem kallar sig Hljómar og spilaði undir dansi viðstaddra.

Á árinu 2012 voru haldin kveðjuhóf, í samstarfi við lögreglustjóra, fyrir tvo góða félaga sem létu af störfum fyrir aldurs sakir.

Jólatréskemmtun, í samstarfi við lögreglustjóra, fór fram þann 27. desember s.l. í safnaðarheimilinu við Innri-Njarðvíkurkirkju. Við það tilefni lék stórhljómsveit Guðmundar Baldurssonar nokkur vel valin jólalög og Stekkjastaur jólasveinn gaf ungum gestum glaðning. Ballskákmótið Jólasveinninn fór fram með hefðbundnu sniði þann 30. desember s.l. Þann 7. janúar s.l. fór fram fjáröflunarmót Nes í boccia. Félagið og lögreglustjóri styrktu fjölmennt lið félagsmanna til þátttöku í mótinu.

Húsnefnd félagsins hóf lagfæringar á íþróttaaðstöðu skála LS, Þórisstöðum. Þann 20. október s.l. mættu fjölmargir félagsmenn í skálann og lögðu hönd á plóg. Búið er að reisa sólpall við félagsheimilið, færa út heita pottinn, klæða vegginn við íþróttaaðstöðuna, setja upp svalarhurð og margt fleira. Ekkert af þessu hefði gengið eftir nema vegna óeigingjarnrar vinnu félagsmanna í þágu félagsins og erum við þakklát fyrir það. Er það gleðilegt að geta boðið félagsmönnum og fjölskyldum þeirra upp á þrýðilega íþróttaaðstöðu sem við vonum að verði mikið notuð í framtíðinni.

4 Almannaþarnir

Í samræmi við IV. kafla laga nr. 82/2008 um almannaþarnir starfa tvær almannaþarnanefndir í umdæminu. Annars vegar sameiginleg almannaþarnanefnd fyrir Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Sveitarfélagið Garð, Sveitarfélagið Voga og Keflavíkurlflugvöll og hins vegar almannaþarnanefnd Grindavíkur. Hlutverk nefndanna felst meðal annars í stefnumótun og skipulagningu starfs að almannaþörnum í héraði. Í samvinnu við ríkislögreglustjóra vinna almannaþarnir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum fer með stjórn aðgerða í almannaþarnaástandi innan umdæmisins.

4.1 Áætlarnir og áhættuskoðun

Ef sérstök staðbundin vá er talin ógna byggð eða svæði, er í samvinnu við almannaþarnanefnd unnin upp svokölluð séráætlun eða ítaráætlun sem nær til atburðar á viðkomandi stað og er mun ítarlegri en almennar neyðaráætlarnir. Flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurlflugvöll er ein slík séráætlun sem er í stöðugri skoðun og endurnýjun. Útköll skráð í dagbók lögreglu (LÖKE) sem flokkast sem almannaþarnamál voru sem hér segir:

	2012
Neyðarlendingar flugvéla vegna bilunar	9
Óveður og ófærð	17

Tafla 2. Útköll skráð í dagbók lögreglu sem flokkast sem almannaþarnarmál.

4.2 Flugslysaæfing á Keflavíkurlugvelli 5. maí 2012

Á vormánuðum var haldin flugslysaæfing á Keflavíkurlugvelli. Aðgerðir voru æfðar í kjölfar brotlendingar á vél með 55 farþega innanborðs, auk áhafnar. Á Suðurnesjum tóku allir viðbragðsaðilar þátt í æfingunni ásamt fyrstuhjálparhópum, sjúkraflutningum og heilbrigðisstarfsmönnum frá höfuðborgarsvæðinu. Samhæfingarstöð almannavarna var að fullu virkjuð og vann náið með aðgerðarstjórn almannavarna á Suðurnesjum sem stýrði æfingunni. Unnið var eftir nýlegri flugslysaáætlun Keflavíkurlugvallar á æfingunni.

Æfingin er umfangsmesta flugslysaæfing sem haldin er hér á landi með reglubundnum hætti, en samskonar æfing var haldin á Keflavíkurlugvelli vorið 2009. Meginmarkmið æfingarinnar varaðprófa alla viðbragðspætti vegna flugslyss ásamt því að láta reyna á rannsóknarþáttinn í kjölfar flugslysa og skoða stjórnunarþáttinn sérstaklega.



Frá flugslysaæfingu.

Eins og áður kom fram var líkt eftir flugslysi í landingu vélar á leið vestur um haf. Hættuástandi var lýst yfir um borð þegar vélin var stödd í um klukkustundar fjarlægð frá Keflavík. Hættustig var gult, samkvæmt flugslysaáætlun Keflavíkurlugvallar sem þýðir að allir viðbragðsaðilar á Suðurnesjum eru þá kallaðir út og samhæfingarstöð almannavarna í Reykjavík er mönnuð ásamt aðgerðarstjórnstöð á Keflavíkurlugvelli. Ástand flugvélarinnar fór versnandi í æfingunni uns hún brotlenti á flugvöllinum og eldur kviknaði í flakinu. Við það var samstundis virkjað „neyðarstig“ og brugðust viðbragðsaðilar

skjótt við. Eldur var slökktur í „flakinu“, og var m.a. notaður sérstakur nýr og fullkominn þjálfunarbúnaður fyrir slökkvi- og björgunarstörf í flugvélum. Björgunaraðilar tóku til við að bjarga farþegum og áhöfn og koma slösuðum undir læknishendur og flytja á sjúkrahús. Ómeiddir farþegar og aðstandendur fengu viðeigandi aðhlynningu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og rannsóknaraðilar könnuðu orsakir slyssins.



Frá flugslysaæfingu.

Um 350 manns tóku þátt í æfingunni sem þótti takast vel að flestu leyti en eins og ávallt komu fram einstök atriði í skipulagi eða framkvæmd flugslysaáætlunarinnar sem betur mega fara.

4.3 Aftakaveður

Almannavarnaskipulagið var virkjað að kvöldi 25. janúar 2012 er gerði aftakaveður á Suðurnesjum með mikilli ofankomu sem stóð fram á næsta dag. Áætlunarflug raskaðist og opnaðar voru fjöldahjálparstöðvar í Holtaskóla og Akurskóla í Reykjanesbæ. Björgunarsveitir á Suðurnesjum sem og lögreglumenn stóðu í ströngu þessa nótt. Mikil vinna var síðan unnin að morgni við að koma mörgum yfirgefnum bifreiðum af Reykjanesbrautinni og af vegum almennt svo að snjóruðningstæki kæmust að. Björgunarsveitir á Suðurnesjum fengu hartnær 150 aðstoðarbeiðnir þessa nótt og voru sveitirnar með um 20 hópa að störfum.

4.4 Sprengjuhótun um borð í flugvél

Um miðjan ágúst barst tilkynning um sprengjuhótun um borð í flugvél á leið frá New York til Moskvu. 253 farþegar voru um borð í vélinni sem var af gerðinni Airbus-A330. Flugvélinni var beint til Keflavíkurflugvallar til landingar sem gekk vel en blindþoka var á Keflavíkurflugvelli á þeim tíma.

Sprengjuhótunin hafði borist til lögregluþingvalda í Bandaríkjunum og samkvæmt henni áttu fimm töscur með sprengiefni að vera um borð og var þeim ætlað að springa þegar vélin kæmi til Moskvu. Mikill viðbúnaður var í Keflavík og samhæfingarstöð í Skógarhlíð var virkjuð vegna atviksins. Sprengjusveit Landhelgisgæslunnar annaðist sprengjuleit í vélinni ásamt sérsveit ríkislögreglustjóra, en ekkert fannst.

5 Almenn deild

Almenn deild lögreglunnar á Suðurnesjum sinnti kraftmiklu starfi þrátt fyrir fækkun á vöktum vegna sparnaðar. Heildarverkefnafjöldi hjá embættinu var svipaður milli ára, þar sem bókanir voru 17.697 talsins á árinu 2010 en 17.397 á árinu 2011. Heildarfjöldi bókana var 16.426 árið 2012 og fækkaði því lítillega á milli ára.

Verkefni almennrar deildar voru með hefðbundnu sniði á árinu. Áhersla var sem endranær lögð á skjót viðbrögð og góða afgreiðslu mála í þágu borgaranna í umdæminu. Fjórir rannsóknarlögreglumenn starfa á vöktum í almennri deild og lögreglufulltrúi sem hefur með höndum samræmingu og eftirfylgni. Verkefni almennu deildar eru afar fjölbreytt, svo sem að bregðast við útköllum, rannsókn minniháttar mála, hverfislöggæsla, umferðarlöggæsla, aðstoð við aðrar deildir embættisins, bæjarhátíðir og eftirlit með leyfisskyldri starfssemi svo sem skemmtistöðum.

Ný aðferðafræði við tölfræðivinnslu

Ólíkt skýrslum fyrri ára eru tölur um afbrot nú fengnar frá embætti ríkislögreglustjóra. Athugið að tölur fyrir árið 2012 eru bráðabirgðatölur en tölur fyrir árin 2010 og 2011 eru staðfestar tölur um afbrot birtar í afbrotatölfræðiskýrslu ríkislögreglustjóra. Því er misræmi á birtum tölum í samanburði við fyrri ársskýrslur.

Almenn deild fór í sérstakt átak gegn fíkniefnavandanum og komu upp tugir mála sem vörðuðu vörslu fíkniefna, sölu fíkniefna og akstur undir áhrifum fíkniefna. Á sjö vikna tímabili vann lögregla að 34 málum sem gera að meðaltali 1,4 mál á hverjum degi. Farið var í margar húsleitir í þessu verkefni og allmargir fíkniefnasalar m.a. stöðvaðir við iðju sína. Yngsti einstaklingurinn sem handtekinn var grunaður um sölu á kannabisefnum var fæddur árið 1993 og bjó hann í foreldrahúsum og seldi þaðan.




LÖSMYND: HILMAR BRAGI BÁRDARSON/VÍKURFÉTTIR

5.1 Umferðarmál


Embættið tók, líkt og undanfarin ár, þátt í „sérstaka umferðareftirlitinu,“ í samstarfi við Vegagerðina, sem er hluti af umferðaröryggisáætlun. Með áherslu á sýnileika löggæslunnar og öflugu umferðareftirliti vill lögreglan á Suðurnesjum vinna að fækkun umferðarslysa og bættri umferðarmenningu. Ekkert banaslys varð í umferðinni í umdæminu á árinu. Þá var fjöldi alvarlegra umferðarslysa óbreyttur en þau voru sjö talsins. Mikil fækkun var á fjölda slysa með litlum meiðslum og gengu markmið lögreglu því eftir í þeim efnum. Stefnt er að enn frekari fækkun slysa í umferðinni.

	2010	2011	2012
Banaslys	1	0	0
Alvarleg slys	12	7	7
Slys með litlum meiðslum	56	68	41
Óhöpp án meiðsla	163	212	168
Samtals slys og óhöpp	232	287	216
Látnir	2	0	0
Alvarlega slasaðir	15	8	7
Lítið slasaðir	81	105	63
Slasaðir samtals	98	113	70


Tafla 3. Upplýsingar eru sóttar á vef umferðarstofu í slysarannsóknarskýrslur.



Mynd 4. Fjöldi umferðarlagabrot



Mynd 5. Fjöldi ölvunarakstursbrota.



Mynd 6. Fjöldi brota vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna.

lögreglu í minni sveitarfélögum í umdæminu hefur mælst vel fyrir.

Hjá embættinu eru nú starfandi þrír hverfalögglumenn og er lögð áhersla á góð samskipti þeirra við stjórnendur og aðra starfsmenn sveitarfélaga og félagsmálayfirvalda. Einnig er liður í hverfalöggæslu að sporna við óæskilegri hegðun og hafa virkt eftirlit með brotastarfsemi.

Allt frá upphafi skólaárs hefur lögreglan haldið uppi öflugum eftirliti við grunnskóla innan umdæmisins. Sýnileglöggæsla á álagstímum við svo fjölfarna staði er lykilatriði til að stuðla að öryggi ungra vegfarenda.

Yfir heildina litið fækkaði umferðarlagabrotum milli ára. Ölvunarakstursbrotum fækkaði einnig á árinu og er það ánægjuefni. Hins vegar fjölgaði akstursbrotum vegna ávana- og fíkniefna um 50% milli árána 2011 og 2012 fór úr 100 brotum í 150 brot. Sú fjölgun er áhyggjuefni og mun lögreglan á Suðurnesjum hvergi slaka á í baráttunni gegn þessari þróun.

5.2 Hverfalöggæsla og forvarnir

Nú eru fimm hverfastöðvar í umdæminu þ.e. í Sveitarfélaginu Garði, Grindavík, Sandgerðisbæ, Sveitarfélaginu Vogum og Ásbrú. Sú síðastnefnda var opnuð í upphafi árs. Viðvera



Opinn dagur í hverfastöð lögreglunnar í Ásbrú.

Í tengslum við opnun nýrrar hverfastöðvar á Ásbrú var haldinn opinn dagur á vegum lögreglunnar í Ásbrú. Það er ánægjulegt frá því að segja að fjöldi fólks heimsótti lögregluna til að kynna sér starfsemina og ræða almennt við lögreglumenn. Í framhaldi af vel heppnuðum opnum degi á Ásbrú var ákveðið að lögreglan hefði opinn dag og kynningu á starfi sínu í Sveitarfélaginu Vogum. Í samráði við frístunda- og menningarfulltrúa sveitarfélagsins fór kynningin fram á sérstökum forvarnardegi, sem sveitarfélagið efndi til. Lögð var áhersla á forvarnar barna og ungmenna einkum hvað varðaði umferðartengd mál. Að lokum var opinn dagur á lögreglustöðinni í Grindavík á sjómanna-dagshelginni og þótti hann takast mjög vel.



Lúlli löggubangi er duglegur að sýna sig og sjá aðra í umdæminu. Á myndunum er hann á forvarnardegnum í Sveitarfélaginu Vogum og í leikskólaheimsókn.

Meðal verkefna í forvarnarmálum sem lögreglan hefur komið að er umferðarfræðsla barna í leik- og grunnskólum svo og almenn fræðsla um góða hegðun. Fíkniefnafræðsla fór fram í eldri bekkjum grunnskóla, framhaldsskólum og á forvarnardegi ungra ökumanna, sem er samstarfsverkefni lögreglunnar, Reykjanesbæjar, Tryggingamiðstöðvarinnar, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Brunavarna Suðurnesja. Einnig kom lögreglan að fræðslu barna og ungmenna um meðferð skotelda, reiðhjól og hjálmanotkun, öryggi ungmenna í umferðinni, ábyrga netnotkun og flekkað mannorð og afleiðingar þess. Lögreglan telur mikilvægt að viðhalda því góða starfi sem verið hefur í forvarnarmálum í umdæminu.

Í lok árs var efnt til funda lögreglu með bæjarstjórum og lykilstarfsmönnum allra bæjarfélaga í umdæminu. Fundarmönnum var kynnt þróun brota og verkefni lögreglu. Þá var leitað eftir sjónarmiðum þeirra á því hvar áherslur lögreglu ættu að liggja í löggæslu innan hvers sveitarfélags. Slíkir fundir hafa nýst lögreglu vel í stefnumótun löggæslu í umdæminu.

Einn liður í því að efla og auka tengsl lögreglu við samfélagið er miðlun upplýsinga. Á árinu stofnaði lögreglan síðu á samskipta-

vefnum Facebook. Íbúar hafa lýst ánægju sinni með síðuna og eru þar settar inn almennar upplýsingar auk þess sem síðan er vettvangur fyrir ábendingar og athugasemdir lögreglu. Ekki hafa verið tók á að setja starfsmann sérstaklega í þetta verkefni vegna anna í öllum deildum, en nokkrir starfsmenn hafa fóstorað síðuna af áhuganum einum saman.

5.3 Bæjarhátíðir á Suðurnesjum


Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar, var haldin fyrstu helgina í september. Hátíðin er sú stærsta sem haldin er innan umdæmisins og sótti hana mikill fjöldi gesta. Hátíðin Sjóarinn síkáti var haldin í Grindavík og var hún fjölsótt að venju. Þann dag efndi lögreglan til opins dags á lögreglustöðinni í Grindavík og fékk fjölda góðra heimsókna.

Sólseturshátíðin í Garði var haldin í lok júní á Garðskaga og í lok ágúst mánaðar var bæjarhátíðin Sandgerðisdagar haldin í Sveitarfélaginu Sandgerði. Fjölskyldudagurinn í Sveitarfélaginu Vogum var haldin um miðjan ágúst.

Unglingaathvörf í samstarfi við félagsmálayfirvöld og fleiri voru starfrækt á Ljósanótt, Sjóaranum síkáta, Sólseturshátíðinni og á Sandgerðisdögum og lögð á það áhersla að koma í veg fyrir unglíngadrykkju. Lögreglan á Suðurnesjum hafði viðbúnað vegna bæjarhátíðanna, en engin stórvægileg mál komu upp og fóru hátíðarhöldin almennt vel fram.

5.4 Handtökur og vistanir

Handtökum fjölgaði um 16.3% milli ára 2011 og 2012. Hjá embættinu eru tíu fangaklefar. Sjö þeirra eru á lögreglustöðinni í Reykjanesbæ, þar af einn sérhannaður til vistar aðila sem grunaðir eru um að smygla fíkniefnum innvortis til landsins. Þá eru þrjú fangaklefar á lögreglustöðinni í Grindavík.



Tafla 7. Handtökur og vistanir 2010 til 2012.

Það er ljóst að álag á vakt almennrar deildar eykst mjög þegar vista þarf fólk, þar sem að minnsta kosti tveir lögreglumenn þurfa að vera inni til að vakta fangahús. Eins og tölur sýna er mikið um innsetningar í klefa og á sama tíma hefur fækkað á vöktum í almennri deild vegna sparnaðar.

6 Rannsóknardeild

Árið 2012 var sérlega annasamt í rannsóknardeild. Nokkur umfangsmikil mál komu til rannsóknar sem kölluðu á alla starfsmenn deildarinnar auk aðstoðar frá fíkniefnateymi, almennri deild og lögfræðideild meðan rannsóknarumfangið var hvað mest. Þá fékkst deildin við meiri fjölda skjalafalsmála sem vörðuðu útlendinga en áður hefur þekkt.


Í rannsóknardeild eru sex starfsmenn, lögreglufulltrúi og fimm rannsóknarlögreglumenn en þar af sinnir einn tæknirannsóknum að meginstarfi. Í fíkniefnateymi er lögreglufulltrúi, fjórir rannsóknarlögreglumenn og einn aðalvarðstjóri sem sinnir bakgrunnsskoðunum vegna aðgangs að haftasvæðum á Keflavíkurflugvelli. Þessar deildir eru undir daglegri stjórn aðstoðaryfirlögregluþjóns. Rannsóknarfundir voru 13 á árinu en þeir eru samráðs-, fræðslu- og upplýsingavettvangur allra rannsóknareininga og lögfræðideildar embættisins. Starfsmenn deildarinnar sóttu sér þekkingu, bæði hér á landi og erlendis til að fylgjast með nýjungum og auka faglega hæfni sína.

Rétt er að geta þess að í þessari ársskýrslu eru tölfræðiupplýsingar rannsóknardeildar fengnar með öðrum hætti en í fyrri ársskýrslum. Áður var miðað við fjölda mála en að þessu sinni er miðað við eintalin brot. Það þýðir að í einstökum málaflokkum, sérstaklega hvað varðar líkamsárásir og kynferðisbrot, kunna tölur að vera hærrí en áður þar sem fleiri en eitt brot af sama toga eða misalvarleg eru skráð í sama málið. Áður taldist það sem eitt mál. Til glöggvunar eru þó gefnar upplýsingar um fjölda eintalinn brota yfir þriggja ára tímabil.

Hér á eftir verður getið um helstu viðfangsefni rannsóknardeildarinnar og gerð stutt grein fyrir nokkrum athyglisverðum málum.

6.1 Auðgunarbrot

Innbrotum og þjófnum fækkaði umtalsvert milli ára, eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti. Væntanlega má þakka ýmsum þáttum þessa jákvæðu þróun en nefna má til dæmis að lögreglan hélt úti sérstöku




Tafla 8. Fjöldi innbrota og þjófnaða 2010 til 2012.

eftirliti til að sporna gegn innbrotum, nágrannavarsla var tekin upp víða í götum og hverfum og síðast en ekki síst tókst að hafa hendur í hári brotamanna sem hafa farið í afplánun dóma eða flust brott úr umdæminu í kjölfarið.

6.2 Ofbeldisbrot

Líkamsárásarbrot voru 112 á árinu en voru 92 árið 2011 og 76 árið 2010. Þrátt fyrir nokkra fjölgun brota er fjöldinn ekki úr takti við brotafjölda einstök ár að undanförunu. Sveiflan í brotafjölda er alltaf nokkur milli ára. Fjöldi alvarlegri mála, það er mála sem falla undir 218.1 og 218.2 gr. alm. hgl. virðast hafa staðið í stað hlutfallslega og jafnvel fækkað miðað við fyrri ár og er það jákvæð þróun.




Tafla 9. Fjöldi ofbeldisbrota 2010 til 2012.

Vegna mikils álags á rannsóknardeildinni, sérstaklega síðari hluta ársins, tókst ekki að sinna rannsóknum líkamsárásarmála sem skyldi. Tapaðist þar niður að einhverju leyti sá góði árangur sem náðist árið áður varðandi fækkun mála í meðferð og rannsóknartíminn lengdist.

6.3 Kynferðisbrot

Kynferðisbrot voru 27 á árinu í 18 málum en það eru mjög fá mál miðað við undanfarin ár. Mikil áhersla er lögð á hraðar og vandaðar rannsóknir í þessum málaflokki.

Á liðnu ári skar ein rannsókn kynferðisbrotamáls sig úr hvað varðaði alvarleika og umfang en segja má að allir starfsmenn rannsóknardeildar hafi unnið nær eingöngu að þeirri rannsókn í rúman mánuð. Í málinu var karlmaður á fimmtugsaldri kærður fyrir að misnota fósturdóttur sína kynferðislega og hafa í hótunum við hana á um 11 ára tímabili eða frá því hún var 10 ára til 21 árs aldurs. Við rannsókn málsins vaknaði grunur um brot mannsins gagnvart tveimur stúlkum til viðbótar og beindist rannsókn að þeim þáttum einnig, auk þess sem barnaklám fannst í fórum hans. Maðurinn var í Héraðsdómi Reykjaness dæmdur í átta ára fangelsi og til að greiða stúlkunni 2.5 milljónir króna í bætur auk vaxta. Þetta mun vera þyngsti dómur sem kveðinn hefur verið upp í kynferðisbrotamáli hérlandis.



Tafla 10. Fjöldi kynferðisbrota 2010 til 2012.

6.4 Skjalafals og misnotkun skjala

Alls komu 42 mál til rannsóknar hjá embættinu á liðnu ári þar sem lögreglumenn í flugstöðvardeild höfðu afskipti af útlendingum sem framvísuðu fölsuðum ferðaskilríkjum eða ferðaskilríkjum annars aðila. Þetta er mesti fjöldi slíkra skjalafölsunarmála og mála sem varða misnotkun skjala sem komið hefur upp á einu ári hingað til.

Embættið er nánast eina lögregluembættið sem fær þessi mál til meðferðar því þau tengjast öll landamæraeftirliti og tollskoðun og um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fara ríflega 96% þeirra farþega sem fara um landamærin. Þegar grunur vaknar um fölsun eða misnotkun skjals er viðkomandi aðili handtekinn eða eftir atvikum tekinn til skoðunar á landamærum. Mál fara sjálfkrafa í forgangsvinnslu þegar fólk er í haldi og þess vegna er fyrirferð þessara mála mjög mikil hjá embættinu. Auk þess eru þau tímafrekari en önnur vegna þess að í öllum tilvikum er um útlendinga að ræða þannig að kalla þarf til túlka þegar rætt er við fólk, fyrir yfirheyrslur og við rekstur

málanna fyrir dómi, auk annarra hefðbundinna þátta. Þá þarf að flytja hina handteknu fyrir dóm og í gæsluvarðhald eða afplánun eftir atvikum. Það kostar bifreið og tvo menn og ferð í Hafnarfjörð þar sem héraðsdómur er til húsa, í hegningarhúsið við Skólavörðustíg eða fangelsið á Litla-Hrauni. Það þarf því að aka á bilinu frá 100-300 km í hvert skipti og þá er ótalið að fulltrúi úr lögfræðideild þarf einnig að fara í héraðsdóminn, um 90 km ferð. Þessi mál eru því mjög kostnaðarsöm, mannafla- og tímafrek fyrir embættið.

6.5 Líkfundur

Þann 12. október 2012 fannst lík af 42 ára karlmanni í sjónum við Skollanef neðan við Ægisgötu í Reykjanesbæ. Umfangsmikil rannsókn fór af stað með hliðsjón af því hvort um saknæman verknað væri að ræða og naut lögreglan á Suðurnesjum meðal annars aðstoðar tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og kafara sérsvaitar ríkislögreglustjórans við rannsóknina. Að virtum þeim gögnum sem fram komu var það niðurstaða rannsóknarinnar að um slys hafi verið að ræða og maðurinn fallið fram af klettum og í sjóinn.

6.6 Brunarannsóknir

Brunar voru 18 í umdæminu árið 2012 og er það nokkur fækkun frá fyrri árum. Rétt er að geta hér sérstaklega um eitt málið sem er allsérstakt. Þann 20. október 2012 var lögregla og slökkvilið kallað að lðavöllum í Reykjanesbæ vegna bruna í bifreiðum. Þarna brunnu átta bifreiðar og rannsókn leiddi í ljós að um íkveikju var að ræða. Tveir ríflega tvítugir menn voru handteknir vegna málsins og játuðu verknaðinn. Þeir voru að stela bensíni af bifreiðunum þegar ekki vildi betur til en svo að þeir kveiktu í bensíninu og hljóp eldur í buxur annars mannsins auk bifreiðanna og hlaut hann nokkra brunaáverka. Þarna hefði getað farið mun ver því þarna voru geymdar bifreiðar frá bílaleigu og alls 31 bifreið á bílastæðinu.

6.7 Aðrar rannsóknir

Þann 8. júlí 2012 var óskað eftir aðstoð lögreglu í flugvél við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir að áhöfn vélarinnar hafði komið að tveimur mönnum sem voru þar í heimildarleysi. Þarna reyndust vera á ferð tveir hælisleitendur sem voru að reyna að komast sem laumufarþegar með flugi frá landinu en sömu aðilar höfðu áður gert ítrekaðar og árangurslausar tilraunir til að komast um borð í millilandaskip í Sundahöfn í Reykjavík. Mennirnir voru handteknir og nokkuð umfangsmikil rannsókn hófst á málinu þar sem kannað var gaumgæfilega með hvaða hætti mennirnir komust inn á haftasvæðið við flugstöðina, ferðaleið þeirra innan haftasvæðisins og um borð í flugvélinu. Þá beindist rannsókn einnig að búnaði þeirra en þeir klæddust líkt og starfsmenn á svæðinu og hafði annar þeirra stolið hluta búnaðarins í verslun í Reykjanesbæ.



LJÓSMYND: HILMAR BRAGI BÁRDARSON/VÍKURFRÉTTIR

7 Fíkniefnadeild

Nær tvö hundruð mál komu til rannsóknar hjá fíkniefnateymi lögreglustjórans á Suðurnesjum á árinu. Kókaín var það fíkniefni sem mest var haldlagt, eða tæp fimm kíló. En eins og fyrri ár kom öll fíkniefnaflóran við sögu í rannsóknum fíkniefnateymisins. Nokkrar kannabísræktanir voru stöðvaðar og voru rúmlega 2.5 kíló af kannabíslaufum haldlögð. Að öðru leyti vísast til tölulegra upplýsinga í skýrslunni.

Engar mannabreytingar voru frá fyrra ári innan deildarinnar. Samskipti hennar við aðrar stofnanir og önnur embætti voru talsverð, eins og undangengin ár, og voru þau bæði góð og ánægjuleg. Þar má nefna tollgæsluna í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og fangelsismálayfirvöld, þá ekki síst starfsfólk fangelsisins á Litla-Hrauni. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu veitti, sem fyrr, mikla aðstoð og tækniþjónustu. Síðast en ekki síst hefur fíkniefnateymið átt mikil og góð samskipti við embætti ríkislögreglustjóra, meðal annars vegna bakgrunnskoðana og fleiri atriða.

7.1 Markmið og áherslur

Markmið fíkniefnateymisins er að vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi af hvers kyns toga, sem viðkemur Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Með aukinni sérhæfingu og í samstarfi við aðrar deildir tollgæslu og lögreglu er stefnt að enn frekari árangri í þeim efnum. Ekki verður fram hjá því litið að alþjóðlegur flugvöllur er vettvangur fjölmargra þátta í skipulagðri glæpastarfsemi. Þá hefur baráttan við fíkniefnavandann á Suðurnesjum skipað stóran sess í starfinu og mun svo verða hér eftir sem hingað til. Sérstakt átak, sem gert var í þeim efnum á árinu, skilaði miklum árangri. Verður áfram unnið gegn þeirri vá sem fíkniefni eru í samfélaginu.

7.2 Margvíslegar smyglaðferðir

Sem fyrr kenndi ýmissa grasa í málum þeim sem komu á borð fíkniefnateymisins á árinu hvað varðaði smyglaðferðir og fleiri atriði. Nefna má konuna þýsku, sem „missti“ niður rúmlega 400 grömm af MDMA dufti, sem hún hafði komið fyrir innvortis, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Styrkleiki efnisins var það mikill að hægt hefði verið að framleiða um 5.500 MDMA töflur úr þessu magni.

Ekki gengu heldur upp smygláætlanir annarrar konu af erlendum uppruna sem reyndi að smygla til landsins 670 grömmum af kókaíni í pakkningu undir hárkollu. Undir kollunni var eiginlegt hár konunnar fléttað í margar litlar fléttur og svo um hnútana búið að þær ættu ekki að geta haggast. Við flétturnar var hárkollan saumuð svo rammbbyggilega að lækni á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja var fenginn til að fjarlægja hana, þannig að engin hætta væri á að rannsóknargögn spilltust. Úr þessum 670 grömmum hefði verið unnt að framleiða um tvö kíló af kókaíni í neyslustyrkleika.

Íslenskur karlmaður reyndi að komast með 970 töflur af MDMA og rúmlega þrettán grömm af dufti sömu tegundar til landsins. Efnin hafði hann falið í myndavélatösku, nánar tiltekið í fóðringunum í hliðum töskunnar. Maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald og einangrun og fluttur á Litla-Hraun. Þaðan var skömmu síðar haft samband við lögreglu og greint frá því að fíkniefni, líklega hass, hefði fundist í fórum hans. Skrýtin lykt hafði fundist á gangi gæsluvarðhaldsálmunnar og þegar nánar var að gætt dormaði maðurinn í klefa sínum, þá orðinn „sultslakur,“ eins og það var orðað á þeim tíma.



Lögreglumenn í flugstöðvardeild.

Tafla 11.

Yfirlit yfir haldlagningu fíkniefna árið 2012

Efni	Magn í gr.
Hass	34.45
Marihuana	485.99
Tóbaksblandað	37.78
Amfetamín	1.174.83
Kókaín	4.908.08
MDMA-duft	415.41
Ný fíkniefni	216.50
Kannabislaufr	2.553.70
Heróín	0.00
Heildarmagn á árinu	9.826.74 grömm
Efni í stykkjatali	Stk
E-pillur	1.539
Kannabiplöntur	168
LSD	0
Ný fíkniefni í stykkjatali	0
Heildarmagn á árinu	1.707 stykki
Efni í vökvarformi	Millilítrar
Amfetamín	0.00
Annað	68.00
Heildarmagn á árinu	68.00 millilítrar
Ríkisfang:	
Íslendingar	136
Aðrir	20
Pólverjar	3
Litháar	2
Samtals	161
Gæsluvarðhaldsfangar	21
Gæsluvarðhaldsdagar	600
Röntgen á árinu	39
Innvortismál	9
Búmm mál	30

Kynjaskipting grunaðra

Karlar	126
Konur	35
Samtals	161

Aldur:

<20 ára	14
20-30 ára	88
30-40 ára	39
41+	20
Samtals	161

Hvar byrjaði málið:

Lögregla	118
Tollur	55
Samtals	173

Leitir:

Húsleit	58
Leit í bifreið	31

Vettvangur:

FLE	57
Ásbrú	10
Njarðvík	21
Keflavík	72
Sandgerði	2
Garður	1
Grindavík	8
Vogar	0
Annar vettvangur	2
Samtals	173

ATH.. Þetta er einungis skráning yfir haldlögð efni á árinu, ekki málafjöldi eða aðra vinnu fíkniefnateymis

Eitt burðardýranna þurfti að fara í aðgerð til að hægt væri að fjarlægja eina fíkniefnapakkningu af 107 sem maðurinn hafði komið fyrir innvortis, því hún stóð föst í magaopi hans. Reyndist hann alls hafa gleypt 1,3 kíló kókaíns. Var þetta mesta magn fíkniefna sem einn einstaklingur hefur verið tekinn með innvortis hér á landi, svo vitað sé.

Rússneskur ríkisborgari, sem tekinn var með rúm 300 grömm af kókaíni, kvaðst hafa verið neyddur til þess arna vegna spilaskulda. Hið rétta var að hann hafði margoft komið hingað áður og sent peninga hingað til lands til að kaupa hótél. Lá fyrir rökstuddur grunur um tengsl hans við alþjóðlega glæpastarfsemi. Í dómi Héraðsdóms Reykjaness sagði að hann hefði sjálfur skipulagt smyglið í eigin ágóðaskyni.

7.3 Fíkniefnahundur

Embættið hefur yfir að ráða einum fíkniefnaleitarhundi, Clarissu, og er þjálfari hennar lögreglumaður í almenntri deild. Í upphafi ársins fór Clarissa á námskeið ásamt þjálfara sínum og reglulega hefur verið samæft í samstarfi við ríkislögreglustjóra. Clarissa tók þátt í fjölda leita á árinu með góðum árangri og ljóst er að mikill fengur er í því fyrir embættið að hafa fíkniefnahund til afnota í þeim málum er viðkemur fíkniefnabrotum. Fann hún til að mynda efni falin í stigagangi á leið í húsleit, auk efnanna sem hún fann í húsleitinni sjálfri.



Fíkniefnaleitarhundurinn Clarissa,

8 Flugstöðvardeild

Aukinn vöxtur í farþegaflugi um Keflavíkurlflugvöll einkenndi starfs- umhverfi flugstöðvardeildar árið 2012. Samtals fóru 2.380.214 farþegar um Keflavíkurlflugvöll það árið og er það metár. Aukning frá fyrra ári var 12,7%.

	2010	2011	2012
Utan-Schengen umferð	789.875	987.557	1.126.806
Heildarfjöldi farþega í FLE	1.791.143	2.112.017	2.380.214

Tafla 12. Farþegafjöldi um Keflavíkurlflugvöll 2010–2012.

Nefna má að mikil aukning varð í flugi til og frá Bretlandi. Sú umferð er um ytri landamærin og hefur bein áhrif á umfang landamæraeftirlitsins. Utan-Schengen umferð hefur aukist gífurlega á sl. þremur árum, eða sem nemur 42,7% (miðað er við talningu flugstöðvardeildar á umferð um ytri landamærin sbr. tölur í töflunni að ofan).

Megináherslan í starfsemi flugstöðvardeildar var lögð á að fylgja eftir ársáætlun embættisins fyrir árið 2012. Áætlun um sértækt eftirlit í flugstöðinni gekk ekki eftir hvað skráningar varðar. Markmiðið var að hafa frekari afskipti af a.m.k. 1000 farþegum en einungis voru skráð innan við 500 slík afskipti. Má ætla að ástæður þess að ekki náðist það takmark sem í upphafi var stefnt að í ársáætlun liggja í auknu álagi við landamæraeftirlit og minni tíma til að sinna umræddu verkefni.

	2010	2011	2012
Fjöldi útgefina áritana	33	34	14
Frávísanir á ytri landamærum	12	4	5
Frávísanir á innri landamærum	19	7	5
SIS/Interpol smellir	7	8	10
Skjalafölsunarmál	23	33	42
Fjöldi skjalarannsóknarskýrslna	37	64	77*
Fjöldi hælisleitenda í FLE	12	38	46*
Skýrslumál	91	77	89

*5 Sóttu um hæli á lögreglustöð í Reykjanesbæ

Tafla 13. Tölfræðiupplýsingar úr flugstöðvardeild 2010 – 2012.


Frávísunum árið 2012 var ekki beitt í sama mæli og árin á undan. Að hluta til skýrist það af því að fjármagn skortir til að standa straum af þeim kostnaði sem af frávísunum hlýst. Þetta hefur haft áhrif á eftirlitið þar sem ekki hefur sömu þýðingu og áður að halda því úti enda úrræðum takmarkað beitt vegna kostnaðarins. Þetta er verulegt áhyggjuefni.

8.1 Framvísun ólöglegra skilríkja

Árið 2012 var metár í fjölda mála sem tengjast framvísun ólöglegra skilríkja í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Samhliða þeirri aukningu varð talsverð fjölgun mála tengdum óreglubundnum fólksflutningum. Undir það hugtak flokkast t.d. ólögleg för yfir landamæri, hælisbeiðnir, framvísun falsaðra ferðaskilríkja og ólögleg dvöl á Schengen svæðinu. Ágúst mánuður stóð upp úr hvað þetta varðar þegar samtals 15 einstaklingar framvísuðu fölsuðum skilríkjum eða skilríkjum annars manns og tveir til viðbótar höfðu engin skilríki meðferðis. Reyndi þá verulega á allar deildir embættisins.



Skilríki til skoðunar í flugstöðvardeild.



Tafla 14. Fjöldi fölsunartilfella í FLE árin 2001 til 2012.

segja að mynstrið í komu fólks til Íslands með fölsuð ferðaskilríki, eða án skilríkja, sé í stórum dráttum mjög áþekkt því sem önnur Evrópuríki fást við, bæði með tilliti til þjóðernis skilríkjanna og aðilanna sem koma til landsins.

Þótt heildarfjöldi fölsunarmála sé meiri árið 2012 en árið 2011 er hlutfallslegur fjöldi tegunda falsana mjög áþekkur. Ekki er eingöngu um að ræða beinar falsanir heldur eru í mörgum tilfellum notuð skilríki sem aðrir eru lögmætir handhafar að. Um var að ræða misnotkun skjala (svo kölluð "look-a-like"-mál) í 16 tilfellum af 43 en breytifölsun var algengust.

	Fjöldi aðila með fölsuð skilríki	Án skilríkja
Alicante	1	
Amsterdam	1	
Barcelona	1	
Bologna	3	2
Ekki vitað	1	
Gautaborg	1	
Ísland	6	
Kaupmannahöfn	4	3
London	3	
Manchester	1	
Mílanó	2	
Osló	14	1
París	1	
Stokkhólmur	2	1
Trondheim	1	
Annað	1	
Samtals	43	7

Tafla 15. Fjöldi þeirra sem höfðu fölsuð skilríki og voru stöðvaðir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 2012

Í súluritinu hér til hliðar má sjá fjölda fölsunarmála í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árin 2001 til 2012. Athygli vekur að eftir lægð árunna 2005 til 2007 stórkjóst fjöldi tilfella á ný. Af öllum merkjum að dæma stefnir í áframhaldandi aukningu þessara mála. Í 42 fölsunarmálum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 2012 komu 43 einstaklingar við sögu. Almennt má

Athyglisvert er að Osló er mjög áberandi sem brottfararstaður til Íslands og kemur við sögu í samtals 15 tilfellum. Einnig að Bologna kemur við sögu í fimm tilfellum. Tilvikin frá Ítalíu eru því sjö, sé Mílanó talin með. Samtals voru 50 einstaklingar í 49 málum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 2012 sem ekki uppfylltu skilyrði fyrir komu til landsins. Það er athyglisvert að í 46 tilfellum af 50 komu aðilarnir frá öðru Schengen-ríki. Þeir sem höfðu Ísland sem brottfararstað (í töflunni) höfðu Kanada sem lokaáfangastað og stöldrúðu aðeins tímabundið við á Íslandi.

Af þeim sem stöðvaðir voru með fölsuð skilríki í Flugstöð Leifs Eiríkssonar 2012 höfðu 26 sannanlega tengingu við Kanada. Hinir, þ.e. 17 með fölsuð skilríki og sjö með engin skilríki, samtals 24 ein-

staklingar, voru einungis með sjáanlega tengingu við Ísland. Það er því rétt tæpur helmingur málanna. Það er athyglisvert að hlutfall þeirra sem höfðu Ísland sem lokaáfangastað 2012 var hærra en árin á undan þegar hlutfallslega fleiri af þeim sem gripnir voru hér með fölsuð skilríki höfðu Kanada sem lokaáfangastað.

	Fjöldi aðila í fölsunarmálum	Án skilríkja
Ísland	17	7
Kanada	26	
Samtals	43	7

Tafla 16. Lokaáfangastaður einstaklinga með ófullnægjandi skilríki í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 2012

Fullyrða má að að koma fólks hingað til lands með fölsuð skilríki tengist a.m.k. óbeint þeirri skipulögðu starfsemi þar sem lögð er stund á á framleiðslu og dreifingu ólöglegra skilríkja.

Skilríkjafölsun er viðvarandi vandamál í heiminum og leggja ýmsar alþjóðlegar stofnanir og ríki mikla áherslu á baráttuna gegn notkun slíkra skilríkja. Skilríkjafölsun er ábatasamur iðnaður. Aukin umsvif í þeim iðnaði leiða til öflugri prentsmiðja og aukinna gæða falsaðra skilríkja. Í ljósi þessa og hlutverks lögmætra skilríkja liggur mikið við að reyna með öllum ráðum að sporna gegn notkun falsaðra skilríkja.

8.2 Vegabréfarannsóknarstofa

Í 42 fölsunarmálum sem upp komu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 2012 var hald lagt á samtals 59 skilríki. Til viðbótar við hin haldlögðu skilríki voru 192 skilríki tekin til nánari skoðunar í vegabréfarannsóknarstofu flugstöðvardeildarinnar. Aðrar deildir, embætti og stofnanir sendu vegabréfarannsóknarstofunni 37 skilríki til skoðunar og reyndist í fjórum tilvikum vera um fölsuð skilríki að ræða. Á árinu fengu skilríkjafræðingar flugstöðvardeildarinnar 57 önnur verkefni og beiðnir frá öðrum embættum og stofnunum sem ekki tengdust beint rannsóknum grunsamlegra skilríkja en tengdust þó skilríkjum á einn eða annan hátt.

Flugstöðvardeild er ábyrgðaraðili fyrir hönd Íslands á vettvangi WP on Frontiers/False Documents. Ýmis erindi voru móttækin og afgreidd. Undir þennan vettvang heyrir FADO gagnagrunnurinn.



Skilríkjasérfræðingur að störfum.

8.3 Frontex

Flugstöðvardeild tók á árinu þátt í sameiginlegu verkefni á vegum Frontex, landamærastofnunar Evrópu. Verkefnið, Focal Point svokallað, fór fram á Gardermoen flugvelli í Noregi og var tilgangurinn með því að styrkja starfsmannatengsl og styðja við Frontex í þeim verkefnum sem fyrirhuguð voru á flugvellinginum. Þeir starfsmenn er tóku þátt í verkefninu öðluðust dýrmæta reynslu sem á án efa eftir að skila sér til góðs inn í störf þeirra hér heima.

Sem fyrr var eitt af verkefnum flugstöðvardeildar að sinna tengiliðahlutverki Íslands gagnvart Frontex. Þessi verkþáttur hefur aukist að umfangi ár frá ári. Virk þátttaka starfsmanna embættisins var í hinum ýmsu verkefnum er tengjast samstarfinu. Nánar verður gerð grein fyrir Frontex verkefnum í sérstakri ársskýrslu um Frontex samstarfið.

8.4 Landamærasjóður

Árið 2010 varð Ísland eitt af þátttökuríkjum Landamærasjóðs Evrópu (e. External Borders Fund). Sjóðurinn sem hefur verið starfræktur síðan árið 2007 er liður í Schengen samstarfinu og hefur það að markmiði að taka þátt í kostnaði, í formi endurgreiðslna á útlögðum kostnaði, sem aðildarríki sjóðsins leggja út vegna breytinga sem fyrirhugaðar eru við landamæraeftirlit á ytri landamærum Schengen svæðisins.

Í kjölfar aðildar Íslands að Landamærasjóði Evrópu voru eftirtaldir aðilar tilnefndir af dóms- og mannréttindaráðuneytinu (nú innanríkisráðuneytið), til að gegna hlutverki vegna aðildar Íslands að sjóðnum: innanríkisráðuneytið sem hið ábyrga yfirvald, alþjóðadeild ríkislögreglustjóra sem vottunaryfirvald og Ríkisendurskoðun sem endurskoðunaryfirvald.

Síðla árs 2010 fól innanríkisráðherra lögreglustjóranum á Suðurnesjum að taka við hlutverki sínu sem hið ábyrga yfirvald. Í því hlutverki fólst að lögreglustjórinn hefur yfirumsjón með verkefninu hér á landi og ber að sjá til þess að staðið verði við þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekist á hendur með því að gerast aðili að Landamærasjóði Evrópu.

Á árinu voru sóttir þrjú fundir sem framkvæmdarstjórnin boðar reglulega til í Brussel vegna verkefnisins. Auk þess var sóttur fundur til Bern í Sviss. Ítarlegum spurningarlistum var svarað og ársáætlun var skilað til sjóðsins vegna ársins 2013.

Loks fengu þeir aðilar sem koma að verkefninu hér á landi heimsókn

frá endurskoðendum sjóðsins. Var niðurstaða þeirrar úttektar meðal annars sú, að lagt var til, út frá stjórnskipulegri stöðu embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum, að embættið héldi ekki áfram sem hið ábyrga yfirvald. Var jafnframt lagt til að embætti ríkislögreglustjóra tæki við því hlutverki og innanríkisráðuneytið við hlutverki vottunaryfirvaldsins. Eftir skoðun starfsmanna innanríkisráðuneytisins á þessum tillögum endurskoðendanna fór af stað vinna við að breyta skipulagi starfsemi sjóðsins hér á landi í samræmi við tillögur endurskoðendanna. Er sú vinna á lokastigi hjá innanríkisráðuneytinu. Af þessum sökum er allt útlit fyrir það að hlutverk embættisins vegna Landamærasjóðs Evrópu verði töluvert minna en undanfarið.

9 Saksókn mála og sektargerðir

Helstu verkefni lögfræðisviðs eru:

- Útgáfa ákæra og málflutningur í héraði í þeim sakamálum sem eru á forræði lögreglustjóra
- Öflun rannsóknarúrskurða fyrir héraðsdómi
- Útgáfa sektargerða
- Leiðbeiningar og aðkoma að lögreglurannsóknnum
- Frávísunarúrskurðir á landamærum
- Lögfræðileg álit, greinargerðir og gerð verklagsreglna
- Samskipti við embætti ríkissaksóknara, héraðsdóm og önnur lögregluembætti
- Ákærumál sem ríkissaksóknari felur lögreglustjóranum á Suðurnesjum að flytja í héraði
- Samskipti við stjórnvöld vegna vinnu við lagasetningu og reglugerðasmíði

9.1 Ákærum, málshraði og meðferð sakamála

Árið 2012 einkenndist af nokkrum umsvifum hjá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Meðal annars var mikil aukning í skjalabrotum á landamærum og fór mikil vinna fram af hálfu lögfræðisviðs vegna þeirra mála við gæsluvarðhaldskröfur, útgáfu ákæra og eftirfylgni.

Lögfræðisvið var ekki fullmannað í um helming ársins sökum barneignarleyfa. Af þeim sökum varð nokkur fækkun í útgáfu ákæruskjala eða um 41% og jafnframt fækkun í fjölda brota í ákæru eða um 36%.

	2010	2011	2012
Fjöldi brota í ákæru ¹	668	556	356
Fjöldi ákæra ²	444	353	207

Tafla 17. Fjöldi ákæra árin 2010-2012³

9.2 Sektargerðir og sektarboð

Sektargerðum og sektarboðum hefur fækkað lítillega milli árana 2011 og 2012. Þannig fækkaði útgáfu sektargerða um tæp 8% og útgáfu sektarboða um 21%. Að ljúka málum með samþykkt sektargerðar er mikið hagræði fyrir einstaklinga og ákæruvald.

	2010	2011	2012
Útsendar sektargerðir ⁴	275	248	229
Útsend sektarboð	1208	1185	938

Tafla 18. Fjöldi útsendra sektargerða og sektarboða árin 2010-2012

¹ Ein ákæra getur falið í sér mörg mál.

² Fjöldi útgefina ákæra án tillits til fjölda brota eða mála.

³⁺⁴ Athugið að tölur um fjölda sektargerða eru nú teknar eftir nýjum leiðbeiningum ríkislögreglustjóra og því er um misræmi að ræða frá fyrri skýrslum.


10 Fjöldi brota og leyfisveitinga

10.1 Yfirlit yfir fjölda brota 2010-2012

Hér á eftir er að finna gröf er sýna fjölda auðgunarbrot, líkamsmeiðinga, eignaspjalla, áfengislagabrot, fíkniefnabrot, hegningarlagabrot, hraðakstursbrot og sérrefsilagabrot.



Tafla 19. Fjöldi auðgunarbrot.




Tafla 20. Fjöldi manndrápa og líkamsmeiðinga.

Ný aðferðafræði við tölfræðivinnslu


Ólíkt skýrslum fyrri ára eru tölur um afbrot nú fengnar frá embætti ríkislögreglustjóra. Athugið að tölur fyrir árið 2012 eru bráðabirgðatölur en tölur fyrir árin 2010 og 2011 eru staðfestar tölur um afbrot birtar í afbrotatölfræðiskýrslu ríkislögreglustjóra. Því er misræmi á birtum tölum í samanburði við fyrri ársskýrslur.




Tafla 21. Fjöldi eignaspjalla.




Tafla 22. Fjöldi áfengislagabrota.




Tafla 23. Fjöldi fíkniefnabrota.



Tafla 24. Fjöldi hegningarlagabrota.



Tafla 25. Fjöldi hraðakstursbrota.



Tafla 26. Fjöldi sérrefsilagabrota.

10.2 Leyfisveitingar

	Fjöldi
Flutningur á sprengiefnum	6
Framkvæmdaleyfi	5
Leyfi fyrir færanlegum sprengiefnageymslum	3
Leyfi fyrir sölu skotelda	8
Leyfi fyrir skoteldasýningu	19
Leyfi til sprengiefnakaupa	3
Sprengiefnastjóri	0
Leyfi fyrir brennu	9
Útgáfa á eiturefnaskírteini	3
Umsagnir fyrir staðsetningu á bílaleigu	11
Samtals	67

Tafla 27. Leyfisveitingar 2012.

11 Sérstök verkefni

11.1 Tölfræðiteningar ríkislögreglustjóra

Embættið var annað af tveimur embættum á landinu sem var falið að vera leiðandi í prófunum vegna notkunar á tölfræðiteningum ríkislögreglustjóra varðandi afbrotatölfræði. Innan embættisins var skipaður vinnuhópur með aðilum úr öllum deildum þess sem fjallaði um það hvernig slíkir tölfræðiteningar gætu nýst sem best við þau verkefni sem embættið kemur að. Vinnuhópurinn er enn starfandi nú í lok ársins 2012 en mun skila niðurstöðum sínum í byrjun næsta árs.

10.2 Fræðsludagur um mansal

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum hefur um margt sérstöðu í samanburði við önnur lögregluumdæmi landsins. Mansal og smygl á fólki eru meðal þessara atriða en um árabíl hefur það verið fastur þáttur í daglegum störfum við embættið að huga að slíkri brotastarfsemi. Þessi þáttur tengist bæði hinu umfangsmikla starfi sem fram fer í flugstöðvardeildinni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og þeim mikla fjölda útlendinga sem búið hefur og starfað í umdæminu.

Fjöldi starfsmanna hefur aflað sér þekkingar á þessum málaflokkum á víðum grunni og þegar það kom til tals að efna til fræðsludags um mansal hjá embættinu var ákveðið að leita til starfsmanna þess og safna saman þeirri þekkingu sem var til staðar hjá þeim. Jafnframt liggur hjá embættinu mikil reynsla sem fékkst við rannsókn og saksókn „mansalsmálsins“ svonefnda sem kom upp árið 2009 en í því voru fimm Litháar sakfelldir fyrir mansal en sjötti maðurinn, Íslendingur, sem einnig var ákærður var sýknaður. Þetta er eini dómurinn í mansalsmáli hér á landi.

Fræðsludagur um mansal var haldinn 12.12.2012 frá kl. 12-15 og var í höndum sjö fyrirlesara og var efnið eftirfarandi:

- Skilgreining mansalsbrotsins samkvæmt íslenskum lögum og refsiakvæðin, auk skírskotunar til skilgreininga brotsins í öðrum Evrópulöndum. (AHJ)
- Sameiginleg einkenni mansalsfórnlamba – vegvísir við eftirlit (MP)
- Hvaða aðilar eru líklegir til að koma auga á hugsanlegt mansal (MP)
- Fylgdarlaus börn – Nauðungar- og hentihjónabönd – Au pair mál (AHJ)
- Úrræði flugstöðvardeildar til að koma auga á grunsamlega aðila (JPJ)
- Aðgerðir gegn mansali innan ESB (Europol – Frontex o.fl.) (JPJ)
- Upplýsingar frá Frontexfundum í Póllandi (GS)
- Kynnisferð til Noregs í nóvember 2012 – ýmsar upplýsingar (SH)
- Jugu-eiðar, vúdú o.fl. (JJ)
- Ferðaleiðir frá Nígíeríu og fyrirkomulag við upphaf mansalsins í heimalandinu (JJ)
- V-Afríkubúar – Nígíeríumenn – upplýsingar um þetta fólk til að auka skilning á framkomu þess við okkur o.fl. (JJ)
- Yfirlit yfir mansalsmálið frá 2009 (GB)

Rúmlega 30 starfsmenn sóttu fræðsludaginn og sýnir þátttakan betur en margt annað áhuga og metnað starfsmanna. Almennt var ánægja með hvernig til tókst og strax komnar hugmyndir um að efna til annars fræðsludags með sama sniði um önnur viðfangsefni.



Verðandi lögreglumaður á opnum degi á lögreglustöðinni í Grindavík.

12 Rekstur

Rekstur ársins 2012 var innan fjárheimilda en skilað er kr. 679.908 upp í hallann sem nú er kr. 139.913.555.

	2011	2012
Tekjur		
Sértekjur	-24.115.919	-39.967.506
Gjöld		
Laun		
Dagvinna	354.655.798	386.319.037
Vaktaálag	96.695.432	109.772.369
Aukagreiðslur	49.716.127	42.954.604
Yfirvinna	136.906.249	157.389.365
Launatengd gjöld	153.165.846	160.970.359
	791.139.452	857.405.734
Annar rekstrarkostnaður		
Ferðir og fundir	6.240.292	12.911.516
Akstur	3.912.406	6.896.288
Rekstrarvörur	23.796.081	25.046.773
Aðkeypt þjónusta	46.520.208	46.093.322
Húsnæði	32.778.614	33.111.041
Bifreiðar og vélar	53.768.626	55.745.087
Afskrift krafna o.fl.	1.236.667	2.247.249
Eignakaup	6.092.883	4.830.588
	174.345.777	186.881.864
Gjöld alls	965.485.229	1.044.287.598
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	941.369.310	1.004.320.092
Ríkisframlag	-951.700.000	-1.005.000.000
Gjöld umfram tekjur	-10.330.690	-679.908
EIGIÐ FÉ	140.593.463	139.913.555

Útgefandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

www.logreglan.is

Umsjón: Sigríður Björk Guðjónsdóttir
og Þuríður B. Ægisdóttir

Yfirmenn sviða hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum
tóku saman efni, hver um sitt svið

Útlitshönnun og umbrot: Magnús Valur Pálsson

Ljósmyndir: Hilmar Bragi Bárðarson, Marínó Már
Magnússon, Þuríður B. Ægisdóttir og Rögnvaldur

Ólafsson hjá Almannavörnum ríkisins

Prentun: Grágás

Útgefið í maí 2013